

Utanríkismálanefnd Alþingis

Nefndasvið

Umsögn varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, mál 716 - þingskjal 1227.

Undirritaður þakkar gott boð um að gefa umsögn um ofan nefnt frumvarp þó svarafrestur sé óneitanlega í knappara lagi. Beiðni um umsögn barst hingað til Beijing seint á mánudagskvöldi en skilafrestur er til miðvikudags 10. júní.

Fyllilega tímabært er að taka lög um utanríkisþjónustu til gagn Gerrar endurskoðunar en þær breytingar sem hér eru lagðar fram virðast einkum beinast að tímabundnum ráðningum. Rétt er hins vegar að taka fram að þegar stefnt hefur verið að tímabundnum ráðningum innan utanríkisþjónustunnar hefur reynslan sýnt að oftar en ekki er fastráðning lokaniðurstaðan. Hafi maður gegnt með góðum árangri ábyrgðarstöðu á vegum ráðuneytisins í fimm ár ætti hann að vera verðmætari starfsmaður við lok samningstímabils en við upphaf. Sett viðmið um fimmtung forstöðumanna á tímabundnum samningum gefa til kynna talsvert hærra hlutfall en tíðkast hefur þar sem ráðherrar hafa undanfarin ár farið sparlega með svigrúm sitt til skipana sendiherra utan þjónustunnar.

Hagsmunaráð hefur þegar lagt fram umsögn sem undirritaður getur fyrir sitt leyti tekið undir. Einnig hafa samstarfsmenn skilað skarplegum athugasemdum og er ástæða til að vísa sérstaklega til umsagnar Gunnars Pálssonar sendiherra.

Undirritaður vill þó sérstaklega beina sjónum að kröfum um aukið gagnsæi við skipan í embætti, framgang í starfi og flutninga milli starfstöðva. Árið 2016 var mér falið að leiða starf hóps sem bregðast átti við óviðunandi stöðu starfsánægju innan utanríkisþjónustunnar. Hópurinn skilaði af sér skýrslu undir nafninu Átak til ánægju og leyfi ég mér að láta hana fylgja hér með. Þegar hefur verið gripið til aðgerða á grundvelli þessarar skýrslu varðandi ákvarðanir um flutninga og hefur það mælst vel fyrir. Gefið er til kynna hvaða stöður eru í boði, starfsmönnum er frjálst að sækja um og ákveðið ferli hefur verið sett upp með sjálfstæðum hæfisnefndum til að meta einstakar umsóknir. Hið sama gildir hins vegar ekki um ákvarðanir varðandi yfirmenn skrifstofa og sendiskrifstofa. Það væri tvímælalaust til bóta að nýta þetta

verklag einnig fyrir yfirmannsstöður á vegum þjónustunnar. Skal hér einnig vísað til umsagnar Stefáns Skjaldarsonar sendiherra.

Safnað var saman gögnum um fyrirkomulag á Norðurlöndum, sem eru aðgengileg ef eftir verður leitað.

Gunnar Snorri Gunnarsson

Sendiherra Beijing



Átak til ánægju - með fylgiskjöllum.pdf